

Héraðsnefnd Rangæinga

Fundargerð

8. fundur Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2014 til 2018 haldinn í Skógum miðvikudaginn 28. júní 2017 kl: 14,45

Mætt: Egill Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Guðmundur Viðarsson Lilja Einarisdóttir (í gegn um síma) og Guðmundur Einarsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Oddafélagið.

Kynnt var að jörðin Langekra í Oddatorfu væri laus úr ábúð. Oddafélagið hefur lýst áhuga sínum á að fá umráð yfir jörðinni. Lagt fram til kynningar.

2. Gunnar Guðmundsson frá Heiðarbrún.

Gunnar hefur fært Héraðsnefnd Rangæinga áritað eintak af bók sinni „Veiðivötn á Landmannaafretti“ Héraðsnefnd færir Gunnari þakkir fyrir bókina og vel unnið verk og samþykkti að afhenda hana Héraðsbókasafni Rangæinga til vörslu.

3. Innsendi erindi.

Borist hefur erindi frá Pálmari Guðjónssyni, þar sem óskað er eftir styrk til endurútgáfu á bókinni „Íslenskt söngvasafn“. Ákveðið var að veita styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 100.000,-

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 15,00.

Guðmundur Einarsson fundarritari.